

Kennarar: Hildur Ósk Indriðadóttir og Sveinbjörg Anna Karlsdóttir

Tímafjöldi: 1

Kennslufyrirkomulag: Kennsla inn í bekk.

Bekkur: 3. bekkur

Tónlist og hreyfing

Tónlist er leið til sköpunar og tjáningar og getur verið án orða. Í gegnum tónlist geta nemendur tjáð tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Tónlist er félagsleg og hefur verið notuð sem afl til sameiningar. Hreyfing er ýmis konar. Í gegnum hreyfingu örvast og þroskast líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind nemandans. Með hreyfingu í skólastarfi er verið að hvetja nemendur til að hreyfa sig á hverjum degi og stuðla þannig að heilbrigði og velferð.

Tónlist og hreyfing

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið:	Leiðir:
Líkaminn Rödd Látbragð Einbeiting Samvinna Hreyfing Dans Hlustun	- Hljóðfæri - Efni af vef - Frá kennara	-Geti sungið í hópi fjölbreytt sönglög og þulur. - Geti leikið á einfalt skóla- og heimatilbúið hljóðfæri (bæði hryn- og lagrænt). - Þjálfni taktskyn með púls, einföldu hrynmynstri og áherslu í gegnum hreyfingu. - Geti unnið markvisst með tónlistarhugtök, s.s. veikt og sterkt, háir tónar og djúpir tónar, hratt og hægt, bjart og dimmt. - Hlusti á og sýni viðbrögð (t.d. að túlka tónlistina með hreyfingu) við fjölbreyttri tónlist og hljóðum úr umhverfinu út frá notkun efnispátta eins og tónstyrks, hraða, púls, tónblæs og forms. - Geti gengið í röð. - Geti klappað í takt.	-Leikir -Söngur -Just dance. Dansi verður varpað á skjá þar sem nemendur hreyfa sig eftir fyrirmynd -Upplýsingatækni, forrit og fl. -Hljóðfæri - hreyfidansar með tónlist t.d hókí pókí, Fugladansinn, súperman, höfuð herðar, hné og tær - hreyfileikir; í grænni lautum Inn og út um gluggann, ein ég sit og sauma og fl.

Námsmat: Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti

